



Reykholahreppur
Skipulagsfulltrúi
Maríutröð 5a,
Reykholum

Stykkishólmi 26. ágúst 2022

Efni: Umsögn varðandi auglýsingu aðalskipulags Reykholahrepps 2022-2034

Breiðafjarðarnefnd fékk senda til umsagnar tillögu að aðalskipulagi Reykholahrepps 2022-2034. Breiðafjarðarnefnd hefur farið yfir tillöguna og telur að eftirfarandi atriði þurfi endurskoðunar við til að gefa rétta mynd af verndarsvæði Breiðafjarðar í skipulaginu.

1. Aðalskipulagstillaga Reykholahrepps 2022- 2034

Samræma þarf framsetningu verndarsvæðis og löggjafar um vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar auk gildandi reglugerða.

- Á blaðsíðu 12 í tillögunni er gerð grein fyrir tilgangi verndarsvæðis Breiðafjarðar. Gildissvæði laganna er ranglega framsett og endurspeglar ekki lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995¹.
- Á blaðsíðu 59 er fjallað um nýtingu Breiðafjarðar og er vísað í nýtingu sela. Samkvæmt reglugerð 1100/2019 eru selaveiðar óheimilar á íslensku forráðasvæði nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofu².

2. Umhverfismatsskýrsla

Breiðafjarðarnefnd hefur engar athugasemdir við umhverfismatsskýrslu.

Nefndin vil taka fram að hún styðji umhverfismatsskyldu í tengslum við vindorkuver nálægt verndarsvæði Breiðafjarðar. Framkvæmdasvæði fyrirhugaðs vindorkuvers í Garpsdal er nálægt verndarsvæðinu. Athuga þarf betur ferðir hafarna nálægt verndarsvæði Breiðafjarðar. Lítið er vitað um ferðir arna á og í kringum verndarsvæðið en ný rannsókn sýnir ferðir nokkurra ungarna á svæðinu³. Haförninn var nánast útrýmdur og er enn á valista tegunda sem eru í útrýmingarhættu. Aðalheimkynni arnarins á Íslandi eru við Breiðafjörð en þar halda nú til 2/3 hlutar stofnsins.

¹ Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>.

² 1100/2019 Reglugerð um bann við selveiðum. <https://island.is/reglugerdir/nr/1100-2019>.

³ Náttúrufræðistofnun Íslands. (2021). Ferðir ungra arna kortlagðar með rafeindatækni. <https://www.youtube.com/watch?v=OgGAPmJJju8&t=22s>



BREIÐAFJARÐARNEFND

3. Skipulagsuppdrættir

Í skipulagsuppdráttum A1394-071-U03, A1394-072-U03, A1394-073-U03, A1394-074-U03 og A1394-075-U03 er verndarsvæði Breiðafjarðar ekki tekið fram. Rétt væri að greina frá verndarsvæði á kortunum þar sem ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í þeim hluta fjarðarins sem Reykhólahreppur er hluti af.

Mögulega þurfa fleiri atriði betri skýringar í aðalskipulagstillögunni með tillit til verndarsvæðis Breiðafjarðar. Nefndin vekur athygli á ofangreindum atriðum en útilokar ekki að eitthvað hafi farið fram hjá henni.

Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að birting verndarsvæðis í aðalskipulagstillögunni verði í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um verndarsvæðið enda er verndarsvæðið mikilvægur hluti af skipulagi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar